



Reykjavík, 20. júní 2025

USK25050216

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 14. maí 2025, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Óskað er eftir greinargerð um fyrirhugað fyrirkomulag akreina á þeim götum og götuköflum sem fyrsti áfangi borgarlínu mun liggja um, frá Ártúni að Fossvogsbrú. Á hvaða köflum viðkomandi gatna má gera ráð fyrir að verði eingöngu sérakreinar fyrir borgarlínu, hvar verði áfram akreinar fyrir almenna umferð og hvar verði um blandaðan akstur borgarlínu og almennrar bílaumferðar að ræða? Óskað er eftir sundurliðun vegna hverrar götu fyrir sig.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar, dags. 21. maí 2025.

Svar:

Í umhverfismatsskýrslu fyrstu lotu Borgarlínu sem kynnt var í upphafi árs er farið yfir þau atriði sem fyrirspurnin snýr að. Hjálagt eru tvær myndir úr þeirri skýrslu. Þær gefa annars vegar yfirlit yfir hvar áætlað er að verði sérrými fyrir borgarlínu og hinsvegar hvar áætlað er að breyta umferðarskipulag svo sem að fækka akreinum fyrir almenna umferð. Skýrslan er aðgengileg inni á heimasíðu Skipulagsstofnunnar (<https://skipulagsgatt.is/issues/2024/1378>). Í töflu 7.5 (bls. 107) í þeirri skýrslu er upptalning á hverri götu fyrir sig.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið

Hjálagt: Tvær myndir úr umhverfismatsskýrslu Borgarlínunnar (Borgarlína lota 1 Ártúnshöfði – Hamraborg.

Umhverfismatsskýrsla. Nóvember 2024)

- Tillögur að sérrými fyrir Borgarlínu og hvar hún verður í blandaðri umferð.
- Fyrirhuguð breyting á umferðarskipulagi vegna Borgarlínu, lotu 1.



Reykjavík



Mynd 5.2 Tillögur að sérrými fyrir Borgarlínu og hvar hún verður í blandaðri umferð.



Mynd 7.3 Fyrirhuguð breyting á umferðarskipulagi vegna Borgarlínu, lotu 1.